



Val á miðstigi - skólaárið 2019-2020

Val á miðstigi byggir á því nemendur velja sjálfir verkefni út frá fyrirfram ákveðnum smiðjum. Val er kennt tvisvar í viku, allt skólaárið 2019-2020, á miðvikudögum kl. 11:05-11:45 og föstudögum frá kl. 12:30-13:30. Á miðvikudögum kenna Sandra María Sigurðardóttir og Þorkell Helgason en á föstudögum kenna Sandra María og Tinna Guðmundsdóttir.

Á fyrstu önninni gátu nemendur valið á milli kofasmíði og skrautskrift miðvikudögum en stuttmyndagerðar og málunar á föstudögum. Hverri önn lýkur með sameiginlegri kynningu á helstu verkefnum. Í annarbyrjun er ávallt haldinn fundur og farið yfir stöðuna í hverri smiðju fyrir sig. Í framhaldi verður aftur hægt að bjóða upp á sömu smiðjur ef nemendur hafa áhuga eða bjóða upp á nýjar smiðjur.

Smiðjurnar virka sem rammar utan um frjálst val. Þegar nemandi hefur til dæmis valið sér að fást við myndbandsgerð hefur hann frjálsar hendur með hvernig myndband hann gerir, með hverjum það er gert osfv. Með því að setja námið inn í smiðjuformið verður til ákveðin afmörkun á verkfærum og hjálpar það nemendum að ná tökum á annars frjálsum efnistöfum. Miðstigsvalið er hugsað sem inngangur að unglingsvali, þar sem nemendur hafa algjörlega frjálsar hendur með sín verkefni.

Námsmarkmið

Markmið vals á miðstigi er að nemendur þekki helstu hugmyndir um sköpunarferlið og tileinki sér hæfni í því að vinna með það. Nemendur fá tækifæri og svigrúm til að kynna öllum hliðum sköpunarferlisins af eigin raun. Ætlast er til þess að nemendur taki virkan þátt í öllum stigum sköpunarferlisins, séu óhræddir við að framkvæma eigin hugmyndir og sýni öðrum tillitssemi.

Nánar um framkvæmd

Hvað vil ég gera? Hvernig get ég gert það? Af hverju vil ég gera þetta? Þetta eru lykilsurningar sem nemendur spyrja sig sjálfa í vali og leita síðan svara innra með sér.

Þegar nemendur fá það verkefni að gera það sem þeir vilja hljómar það eins og auðvelt verkefni eða jafnvel eins og undarleg ósk um stefnulausa óreiðu. En þegar kemur að því að leysa verkefnið kemur í ljós að nemendur að þurfa að hafa einbeitingu ásamt því að tileinka sér vinnusemi og áræðni. Það reynir á marga mismunandi þætti í valinu og ýmsa hæfni sem mikilvægt er að tileinka sér á öllum mögulegum vígstöðvum í lífinu.

Áskoranir nemenda í valinu eru mjög ólíkar milli einstaklinga. Í raun felst aðal lærdómur fyrir hvern og einn að mæta þessum áskorunum. Til dæmis reynist sumum mjög auðvelt að vinna hugmyndavinnu en eiga svo erfitt með að koma sér af stað að vinna. Aðrir eiga auðvelt með hugmyndavinnu og að framkvæma hugmyndirnar en eiga svakalega erfitt með að klára. Aðrir frjósa á hugmyndavinnustiginu og þurfa mikla hjálp við að vinna sig í gegnum það.

Áskorun kennarans er að svipta nemendur ekki ábyrgð sinni á náminu. Fyrir nemanda sem veit ekki hvað hann á að gera í upphafi sköpunarferlisins er mjög mikilvægt að leiðbeina honum í gegnum ýmsar leiðir til að finna hugmyndir, til að tengjast sínum áhuga og drifkrafti. Kennari á ekki að létta af



nemandanum ábyrgðinni með því gefa hugmyndir og stýra framhjá þeirri áskorun að svara spurningunni: *Hvað vil ég gera?*